Nd. **315. Frumvarp til laga** [163. mál]

um atvinnulýðræði.

Flm.: Sighvatur Björgvinsson, Benedikt Gröndal, Gylfi Þ. Gíslason.

I. KAFLI

Um hlutdeild starfsmanna í stjórn fyrirtækja og stofnana.

1. gr.

Ákvæði laga þessara taka til fyrirtækja og stofnana, sem rekin eru af hlutafélögum, samvinnufélögum, sameignarfélögum, einstaklingum, ríkinu eða sveitarfélögum og hafa að jafnaði 40 starfsmenn eða fleiri í þjónustu sinni samkvæmt reglum, sem nánar eru ákveðnar í lögunum.

2. gr.

Með lögum þessum öðlast starfsmenn, sbr. 1. gr., rétt til hlutdeildar í ákvarðanatöku á vegum fyrirtækja eða stofnana, ýmist með aðild að stjórn þeirra, ef um er að ræða hlutafélög, samvinnufélög eða ríkisfyrirtæki, sem lúta sérstakri stjórn, eða með þátttöku í samstarfsnefndum, eins og nánar er ákveðið í lögunum. Fulltrúar starfsmanna í stjórnum eða samstarfsnefndum sitja þar með öllum sömu réttindum og fulltrúar eigenda, forstöðumanna eða stjórnunarnefnda.

II. KAFLI

Um samstarfsnefndir.

3. gr.

Séu þeir starfsmenn einkafyrirtækis, sameignarfyrirtækis eða fyrirtækis eða stofnunar, er ríki eða sveitarfélög starfrækja, sem skila 20 eða fleiri vinnustundum á viku, fjörutíu eða fleiri miðað við meðalfjölda starfsmanna næstliðin þrjú ár, þá skal setja á fót við slíkt fyrirtæki eða stofnun samstarfsnefnd. Undanþegin þessu ákvæði eru þó Áburðarverksmiðja ríkisins og Sementsverksmiðjan.

4. gr.

Samstarfsnefnd skal skipuð fjórum mönnum ásamt jafnmörgum til vara. Tveir aðalmenn ásamt jafnmörgum varamönnum skulu kjörnir af starfsmönnum fyrirtækisins eða stofnunarinnar samkvæmt reglugerð, sem félagsmálaráðherra setur.

Tveir aðalmenn ásamt varamönnum þeirra skulu tilnefndir af hálfu eigenda, ef um sameignarfyrirtæki eða einkafyrirtæki er að ræða, en af stjórnunarnefnd, ef um er að ræða fyrirtæki eða stofnun, sem ríki eða sveitarfélag starfrækir — forstöðumanni, ef engin stjórnunarnefnd er starfandi.

Skipun samstarfsnefndar skal vera lokið eigi síðar en í lok febrúarmánaðar ár hvert og gilda til eins árs í senn.

5. gr.

Samstarfsnefnd skal vera stjórnendum fyrirtækisins eða stofnunarinnar til ráðuneytis um hvaðeina er varðar vinnuaðstöðu, vinnutilhögun og starfsumhverfi. Ávallt skal leita umsagnar nefndarinnar um allar umtalsverðar breytingar á húsnæði, búnaði, starfsháttum og vinnuskipulagi og í skyldum málum. Samstarfsnefndin skal einnig að eigin frumkvæði fylgjast með hollustuháttum á vinnustað, öryggismálum og aðbúnaði starfsfólks og gera tillögur til stjórnenda um breytingar eða umbætur ef þurfa þykir. Beri slíkar tillögur ekki árangur ber nefndinni að gera viðvart þeim aðilum, sem eiga að annast lögboðið eftirlit með því, að lágmarksreglum um slík atriði sé fullnægt.

Engar samþykktir samstarfsnefndar eru bindandi fyrir fyrirtækið eða stofnunina né heldur stjórnendur eða eigendur.

III. KAFLI

Um breytingar á lögum um hlutafélög, nr. 77 frá 27. júní 1921.

6. gr.

V. kafli. Um stjórn hlutafélaga, hluthafafundi o. fl. breytist þannig:

a) 2. málsliður 4. mgr. 30. gr. orðist svo:
Þá skal og kjósa 3 menn eða fleiri í stjórn og 2 eða fleiri endurskoðendur reikninga félagsins.

b) 1. mgr. 32. gr. orðist svo:
Engan má kjósa í stjórn hlutafélags nema hann sé lögráður og sé fjár síns ráðandi. Þá má hluthafafundur eigi kjósa neinn þann í stjórn hlutafélagsins, sem eigi á hlut í félaginu og eigi fullnægir lögmæltum skilyrðum til þess að reka í sínu nafni þá atvinnu, sem félagið rekur eða ætlar að reka, og til að mega eiga þær eignir, sem félagið á eða ætlar að eignast.

7. gr.

Aftan við **V. kafla. Um stjórn hlutafélaga, hluthafafundi o. fl.** komi nýr kafli, er orðist sem hér segir, en töluröð annarra kafla og greina, sem á eftir fara, breytist samkvæmt því:

VI. kafli. Um aðild starfsmanna að stjórn hlutafélaga.

38. gr. Séu starfsmenn hlutafélags, sem skila að meðaltali 20 eða fleiri vinnustundum á viku, fjörutíu eða fleiri miðað við meðalfjölda starfsmanna næstliðin þrjú ár, öðlast starfsmenn rétt til þess að kjósa úr sínum hópi í stjórn hlutafélagsins til viðbótar við stjórnarmenn kjörna af hluthafafundi þá tölu stjórnarmanna, sem samsvarar því að sem næst ⅓ hluti stjórnarmanna hlutafélagsins sé kjörinn af starfsmönnum þess, en þó aldrei færri en tvo, auk varamanna.

Skylt er að láta slíka kosningu fara fram, ef verkalýðsfélög þau, sem tilnefnt hafa trúnaðarmenn á vinnustöð, sem hlutafélagið starfrækir, óska þess skriflega við stjórn hlutafélagsins eða ef meira en helmingur starfsmanna hlutafélagsins sendir um það skriflega ósk til stjórnar þess. Slík ósk verður að hafa borist stjórn hlutafélagsins eigi síðar en 14 dögum eftir lok reikningsárs (almanaksárs) eða 3 mánuðum fyrir reglulegan hluthafafund (ársfund), ella er hlutafélaginu ekki skylt að verða við henni á því ári.

Nú hefur stjórn hlutafélagsins borist lögmæt ósk um, að kjör fulltrúa starfsmanna í stjórn hlutafélagsins verði látið fara fram, og skal þá stjórn hlutafélagsins án tafar tilkynna þeim verkalýðsfélögum, sem eiga trúnaðarmenn meðal starfsmanna, svo og starfsmönnum sjálfum um, að slík kosning verði látin fara fram.

39. gr. Sérstök kjörnefnd skipuð þremur starfsmönnum hlutafélagsins og þremur varamönnum þeirra skal annast undirbúning og framkvæmd kosninganna. Stjórn hlutafélagsins tilnefnir úr hópi starfsmanna félagsins einn fulltrúa sinn í kjörnefndina og varamann hans, en þau verkalýðsfélög, sem trúnaðarmenn eiga á vinnustöð, sem hlutafélagið starfrækir, tilnefna hina tvo fulltrúana í kjörnefndina og varamenn þeirra.

Skipun kjörnefndar skal lokið eigi síðar en 14 dögum eftir að lögmæt ósk hefur borist stjórn hlutafélagsins um að kosning verði látin fara fram á fulltrúum starfsmanna í stjórn hlutafélagsins.

Kjörnefndin ákveður fjölda þeirra stjórnarmanna, sem kjósa skal skv. 38. gr., ákveður kjördag og auglýsir hann með eigi minna en tveggja mánaða fyrirvara. Jafnframt auglýsir kjörnefndin reglur þær, sem gilda um kosningarrétt, kjörgengi, framboð og um kosninguna sjálfa, gengur frá kjörskrá til birtingar, auglýsir kærufrest og úrskurðar um kjörskrárkærur, tekur við tillögum um framboð og sker úr um lögmæti þeirra, gengur frá prentun kjörseðla, stýrir kjörfundi og annast talningu atkvæða. Rísi ágreiningur út af störfum kjörnefndar má skjóta ágreiningsefninu til félagsmálaráðherra til fullnaðarúrskurðar.

Hlutafélagið greiðir allan kostnað af starfi kjörnefndar og allan beinan kostnað við framkvæmd kosninganna.

40. gr. Kosningarrétt hafa allir þeir starfsmenn hlutafélagsins, sem unnið hafa samfellt starf hjá hlutafélaginu í hið minnsta þrjá mánuði áður en kosning fer fram. Kjörgengi hafa allir þeir starfsmenn hlutafélagsins, sem fullnægja ákvæðum fyrri málsliðar 1. mgr. 32. gr. og hafa auk þess unnið samfellt starf hjá hlutafélaginu í minnst eitt ár áður en kosning fer fram.

41. gr. Tillögur um framboð skulu hafa borist kjörnefnd eigi síðar en 3 vikum fyrir kjördag. Tillögur skulu vera skriflegar þar sem greina skal fullt nafn þess eða þeirra, sem tillaga er gerð um, svo og stöðu hjá hlutafélaginu. Eigi má í sömu tillögu gera tillögur um fleiri en kjósa á sem aðalmenn. Hver einstök tillaga verður að vera studd meðmælum minnst fimm kosningabærra starfsmanna. Kjörnefnd auglýsir eigi síðar en 7 dögum fyrir kjördag þau framboð, sem lögmæt eru.

42. gr. Heimilt er kjörnefnd að auglýsa fleiri en einn kjörstað og skipa umboðsmann eða umboðsmenn til þess að fylgjast með kosningu og stýra kjörfundi séu kjörstaðir fleiri en einn. Þá er kjörnefnd heimilt að láta kosningu fara fram á fleiri dögum en einum, eða hluta úr dögum, en kjörfundur skal þó aldrei standa skemur en samtals 10 klst.

43. gr. Á kjörseðli skal raða nöfnum frambjóðenda í stafrófsröð. Kosning skal vera leynileg, skrifleg og óhlutbundin. Eigi er heimilt að kjósa á sama kjörseðli fleiri en kjósa á sem aðalmenn og skal slíkur kjörseðill teljast ógildur.

Að kjörfundi loknum annast kjörnefnd talningu atkvæða. Rétt kjörnir sem aðalmenn í stjórn hlutafélagsins eru þeir, sem fest atkvæði hljóta, og varamenn þeirra þeir, sem ganga þeim næstir að atkvæðatölu. Að talningu lokinni tilkynnir kjörnefnd starfsmönnum hlutafélagsins og stjórn þess niðurstöður kjörsins.

44. gr. Stjórnarmenn kjörnir af starfsmönnum hlutafélagsins taka sæti í stjórn þess á fyrsta fundi stjórnarinnar að loknum reglulegum hluthafafundi (ársfundi) og sitja í stjórninni með sömu réttindum og aðrir stjórnarmenn. Kjörtímabil þeirra skal vera hið sama og annarra stjórnarmanna. Stjórnarmenn kjörnir af starfsfólki hlutafélagsins skulu eigi sjaldnar en ársfjórðungslega auglýsa fundi með starfs-

mönnum til þess að ræða málefni hlutafélagsins, hlýða á óskir og erindi starfsmanna og svara fyrirspurnum.

45. gr. Nú hefur kosning á fulltrúum starfsmanna í stjórn hlutafélags farið fram og skal þá endurtaka slíkar kosningar reglulega einu sinni á ári án þess að sérstök ósk þar um þurfi að berast, svo fremi ákvæðum 1. mgr. 38. gr. sé fullnægt. Heimilt er þó að láta slíka endurkosningu niður falla, ef skrifleg ósk berst um það frá a. m. k. helmingi starfsmanna hlutafélagsins og verkalýðsfélög þau, sem tilnefnt hafa trúnaðarmenn á vinnustöð, er hlutafélagið starfrækir, mæla með því. Hverfa þá stjórnarmenn kjörnir af starfsmönnum úr stjórn þess þegar kjörtímabil þeirra er útrunnið og engir koma í þeirra stað. Hafi slíkt gerst og komi síðar upp ósk um, að starfsmenn fái á ný að kjósa úr sínum hópi stjórnarmenn í hlutafélaginu, fer um það skv. ákvæðum 38. gr.

IV. KAFLI

Um breytingar á lögum um samvinnufélög, nr. 46/1937.

8. gr.

IV. kafli. Félagsstjórn breytist þannig:

20. gr. orðist svo:

Á aðalfundi skal kjósa 3 menn eða fleiri í stjórn og jafnmarga varamenn. Gengur varamaður til fulls í stjórnina ef aðalmaður deyr, gengur úr félaginu eða víkur úr stjórninni á löglegan hátt, áður en kjörtími hans er liðinn. Í samþykktum skal tiltaka tölu stjórnenda kjörinna á aðalfundi og kjörtíma. Skulu þeir ganga út á víxl, og aldrei meiri hluti á sama ári, nema óviðráðanleg atvik valdi.

Engan má kjósa í stjórn á aðalfundi nema hann sé félagsmaður.

9. gr.

VI. kafli. Samvinnusambönd breytist þannig:

1. málsl. 32. gr. orðist svo:

Á aðalfundi skal kjósa eigi færri en 3 menn í sambandsstjórn.

10. gr.

Aftan við **VI. kafla. Samvinnusambönd** komi nýr kafli, er orðist sem hér segir, en töluröð annarra kafla og greina, sem á eftir fara, breytist samkvæmt því:

VII. kafli. Um aðild starfsmanna að stjórn samvinnufélaga og samvinnusambanda.

34. gr. Séu starfsmenn samvinnufélags eða samvinnusambands, sem skila að meðaltali 20 eða fleiri vinnustundum á viku, fjörutíu eða fleiri miðað við meðalfjölda starfsmanna næstliðin þrjú ár öðlast starfsmenn rétt til þess að kjósa úr sínum hópi í stjórn samvinnufélagsins eða samvinnusambandsins til viðbótar við stjórnarmenn kjörna af aðalfundi þá tölu stjórnarmanna, sem samsvarar því, að sem næst ⅓ hluti stjórnarmannanna sé kjörinn af starfsmönnum, en þó aldrei færri en tvo, auk varamanna.

Skylt er að láta slíka kosningu fara fram, ef verkalýðsfélög þau, sem tilnefnt hafa trúnaðarmenn á vinnustöð, sem samvinnufélagið/samvinnusambandið starfrækir, óska þess skriflega við stjórn samvinnufélagsins/samvinnusambandsins eða ef meira en helmingur starfsmanna samvinnufélagsins/samvinnusambandsins sendir um það skriflega ósk til stjórnarinnar. Slík ósk verður að hafa borist stjórn samvinnufélagsins/samvinnusambandsins eigi síðar en 14 dögum eftir lok reikningsárs (almanaksárs) eða 3 mánuðum fyrir reglulegan aðalfund, ella er ekki skylt að verða við henni á því ári.

Nú hefur stjórn samvinnufélagsins/samvinnusambandsins borist lögmæt ósk um, að kjör fulltrúa starfsmanna í stjórn verði látið fara fram, og skal hún þá án tafar tilkynna þeim verkalýðsfélögum, sem eiga trúnaðarmenn meðal starfsmanna, svo og starfsmönnum sjálfum um, að slík kosning verði látin fara fram.

35. gr. Sérstök kjörnefnd skipuð þremur starfsmönnum samvinnufélagsins/samvinnusambandsins og þremur varamönnum þeirra skal annast undirbúning og framkvæmd kosninganna. Stjórn samvinnufélagsins/samvinnusambandsins tilnefnir úr hópi starfsmanna einn fulltrúa sinn í kjörnefndina og varamann hans, en þau verkalýðsfélög, sem eiga trúnaðarmann á vinnustöðvum, er samvinnufélagið/samvinnusambandið starfrækir, tilnefna hina tvo kjörnefndarmennina og varamenn þeirra.

Skipun kjörnefndar skal lokið eigi síðar en 14 dögum eftir að lögmæt ósk hefur borist stjórn samvinnufélagsins/samvinnusambandsins um, að kosning verði látin fara fram á fulltrúum starfsmanna í stjórn.

Kjörnefnd ákveður fjölda þeirra stjórnarmanna, sem kjósa á skv. 34. gr., ákveður kjördag og auglýsir hann með eigi minna en tveggja mánaða fyrirvara. Jafnframt auglýsir kjörnefnd reglur þær, sem gilda um kosningarrétt, kjörgengi, framboð og um kosninguna sjálfa, gengur frá kjörskrá til birtingar, auglýsir kærufrest og úrskurðar um kjörskrárkærur, tekur við tillögum um framboð og sker úr um lögmæti þeirra, gengur frá prentun kjörseðla, stýrir kjörfundi og annast talningu atkvæða. Rísi ágreiningur út af störfum kjörnefndar má skjóta ágreiningsefninu til félagsmálaráðherra til fullnaðarúrskurðar.

Samvinnufélagið/samvinnusambandið greiðir allan kostnað af starfi kjörnefndar og allan beinan kostnað við framkvæmd kosninganna.

36. gr. Kosningarrétt hafa allir þeir starfsmenn samvinnufélagsins/samvinnusambandsins, sem unnið hafa samfellt starf hjá félaginu/sambandinu í hið minnsta þrjá mánuði áður en kosning fer fram. Kjörgengi hafa allir þeir starfsmenn samvinnufélagsins/samvinnusambandsins, sem eru lögráðir, fjár síns ráðandi og hafa auk þess unnið samfellt starf hjá samvinnufélaginu/samvinnusambandinu í minnst eitt ár áður en kosning fer fram.

37. gr. Tillögur um framboð skulu hafa borist kjörnefnd eigi síðar en 3 vikum fyrir kjördag. Tillögur skulu vera skriflegar, þar sem greina skal fullt nafn þess eða þeirra, sem tillaga er gerð um, svo og stöðu. Eigi má í sömu tillögu gera tillögur um fleiri en kjósa á sem aðalmenn. Hver einstök tillaga verður að vera studd meðmælum minnst fimm kosningabærra starfsmanna. Kjörnefnd auglýsir eigi síðar en 7 dögum fyrir kjördag þau framboð, sem lögmæt eru.

38. gr. Heimilt er kjörnefnd að auglýsa fleiri en einn kjörstað og skipa umboðsmann eða umboðsmenn til þess að fylgjast með kosningu og stýra kjörfundi séu kjörstaðir fleiri en einn. Þá er kjörnefnd heimilt að láta kosningu fara fram á fleiri dögum en einum, eða hluta úr dögum, en kjörfundur skal þó aldrei standa skemur en samtals í 10 klst.

39. gr. Á kjörseðli skal raða nöfnum frambjóðenda í stafrófsröð. Kosning skal vera leynileg, skrifleg og óhlutbundin. Eigi er heimilt að kjósa á sama kjörseðli fleiri en kjósa á sem aðalmenn, og skal slíkur kjörseðill teljast ógildur.

Að kjörfundi loknum annast kjörnefnd talningu atkvæða. Rétt kjörnir sem aðalmenn í stjórn samvinnufélagsins/samvinnusambandsins eru þeir, sem flest atkvæði hljóta, og varamenn þeirra þeir, sem ganga þeim næstir að atkvæðatölu. Að talningu lokinni tilkynnir kjörnefnd stjórn og starfsmönnum niðurstöður kjörsins.

40. gr. Stjórnarmenn kjörnir af starfsmönnum samvinnufélagsins/samvinnusambandsins taka sæti í stjórninni á fyrsta fundi hennar að loknum aðalfundi og

sitja í stjórninni með sömu réttindum og skyldum og aðrir stjórnarmenn. Kjörtími þeirra skal vera sá hinn sami og gildir um aðra stjórnarmenn. Stjórnarmenn kjörnir af starfsmönnum skulu eigi sjaldnar en ársfjórðungslega efna til funda með starfsmönnum til þess að ræða um málefni samvinnufélagsins/samvinnusambandsins, hlýða á óskir og erindi starfsmanna og veita upplýsingar.

41. gr. Nú hefur kosning á fulltrúum starfsmanna í stjórn samvinnufélags/samvinnusambands farið fram og skal þá endurtaka slíka kosningu reglulega einu sinni á ári án þess að sérstök ósk þar um þurfi að berast, svo fremi ákvæðum 1. mgr. 34. gr. sé fullnægt. Heimilt er þó að láta slíka kosningu niður falla, ef skrifleg ósk berst um það frá a. m. k. helmingi starfsmanna samvinnufélagsins/samvinnusambandsins og verkalýðsfélög þau, sem tilnefnt hafa trúnaðarmenn á vinnustöðvum, sem samvinnufélagið/samvinnusambandið starfrækir, mæla með því. Hverfa þá stjórnarmenn kjörnir af starfsmönnum úr stjórninni þegar kjörtímabil þeirra er útrunnið og engir koma í þeirra stað. Hafi slíkt gerst og komi síðar fram ósk um, að starfsmenn fái á ný að kjósa úr sínum hópi í stjórn, fer um það skv. ákvæðum 34. gr.

V. KAFLI

Um breytingu á lögum um Áburðarverksmiðju ríkisins, nr. 43 frá 16. apríl 1971.

11. gr.

6. gr. laganna orðist svo:

Stjórn Áburðarverksmiðju ríkisins skal skipuð sjö mönnum, sem kosnir skulu hlutfallskosningu í sameinuðu Alþingi til fjögurra ára í senn, svo og tveimur starfsmönnum Áburðarverksmiðju ríkisins kjörnum til jafnlangs tíma af starfsfólki verksmiðjunnar samkvæmt reglugerð, sem landbúnaðarráðherra setur. Landbúnaðarráðherra skipar formann verksmiðjustjórnar úr hópi stjórnarmanna.

Ráðherra setur stjórninni erindisbréf og ákveður henni laun.

Til þess að skuldbinda Áburðarverksmiðjuna þarf undirskrift fimm stjórnarmanna.

VI. KAFLI

Um breytingu á lögum um sementsverksmiðju, nr. 35 frá 1. apríl 1948.

12. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Stjórn sementsverksmiðjunnar skal skipuð 5 mönnum, sem sameinað Alþingi kýs til fjögurra ára í senn, svo og tveimur starfsmönnum verksmiðjunnar, sem kjörnir eru til jafnlangs tíma af starfsfólki hennar samkvæmt reglugerð, sem ráðherra setur. Iðnaðarráðherra skipar formann verksmiðjustjórnar úr hópi stjórnarmanna. Verksmiðjustjórn hefur á hendi yfirstjórn verksmiðjunnar. Iðnaðarráðherra setur henni erindisbréf og ákveður laun hennar.

Til þess að skuldbinda sementsverksmiðjuna þarf undirskrift fjögurra stjórnarmanna.

VII. KAFLI

Um gildistöku.

13. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1978.

Greinargerð.

Allt frá því á árum fyrri heimsstyrjaldarinnar hafa miklar umræður átt sér stað — einkum og sér í lagi í ríkjum Vestur-Evrópu — um hvernig auka megi almenn lýðréttindi fólks og þá fyrst og fremst hvernig gera eigi lýðræði víðtækara og

öflugra, m. a. með því að gera það virkt í daglegu lífi manna. Um og eftir síðustu heimsstyrjöld höfðu hugmyndir manna um þessi efni fallið í ákveðinn og fastmótaðan farveg. Auk þess að styrkja hefðbundin lýðréttindi manna í þessum löndum með því að veita almenningi aukin ítök til áhrifa á héraðamál og landsmál — þ. e. a. s. með því að styrkja hið pólitíska lýðræði — lögðu menn til atlögu á vettvangi atvinnu- og efnahagsmála í því skyni að innleiða þar þau hin sömu grundvallarlögmál og búa að baki hinu svonefnda pólitíska lýðræði. Meginkjarni þessarar baráttu var og er að sjálfsögðu sá, að vinnan öðlist viðurkenningu sem framlag er veiti rétt til áhrifa og ákvarðanatöku í málefnum atvinnufyrirtækja — að maðurinn og vinnuframlag hans öðlist þá viðurkenningu og þau áhrif, sem hingað til hafa verið einskorðuð við fjármagnið og þá, sem því ráða.

Aðferðir þær og hugmyndir, sem fram hafa komið til þess að náð verði þessum tilgangi, eru margvíslegar og ólíkar við fyrstu sýn, þótt þær stefni allar að einu og sama marki. Þannig hafa komið fram ýmsar hugmyndir um, hvernig launþegar eða samtök launþega eigi að öðlast hlutdeild í arði af starfsemi atvinnufyrirtækja, ýmist í formi beinna arðgreiðslna til einstakra launþega eða í þeirri mynd, að stofnaðir verði sérstakir sjóðir í umsjá launþegasamtaka, sem atvinnurekendur greiði til ýmist ákveðinn hundraðshluta af útborguðum launum eða ákveðinn hundraðshluta af arði. Þessir sjóðir veiti atvinnufyrirtækjum síðan lán eða ávaxti fé sitt með öðrum hætti í atvinnulífinu með þeim afleiðingum m. a., að þegar tímar liðu fram mundi meginhluti atvinnufyrirtækja í viðkomandi landi vera kominn í eigu launafólks, sem þannig öðlaðist þann rétt til áhrifa, sem fjármagnseign fylgir. Dæmi um þessar hugmyndir eru tillögur, sem sérstök nefnd á vegum danska alþýðusambandsins samdi og lagði fram á þingi sambandsins árið 1971. Hugmyndir og tillögur í þessa veru hafa oftast verið nefndar **efnahagslýðræði** hér á landi, þótt merking þess orðs sé nokkuð á reiki.

Þá hafa einnig komið fram hugmyndir og tillögur um að ná sambærilegum markmiðum með öðrum hætti — þ. e. a. s. án þess að launþegar hljóti arðgreiðslur í einni eða annarri mynd að launum fyrir vinnuframlag sitt eða fái í sínar hendur yfirráð yfir fjármagni í atvinnutækjum. En þær hugmyndir hafa talsvert verið gagnrýndar, m. a. á þá lund, að með því væri verið að gera alla þegnana að „smákapítalistum" og leiða þannig viðhorf auðmagnshyggjunnar til jafnvel meiri vegs og virðingar en verið hefur. Grundvallarsjónarmið þeirra, sem heldur kjósa að ná því marki, að vinna verði metin framar fjármagni, með því að veita launþegum aðild að ákvarðanatöku og stjórnun í atvinnulífi, byggt á þeirri skoðun, að í raun og sannleika skipti það ekki meginmáli hver sé talinn eignaraðili atvinnufyrirtækis, heldur hvernig því er stjórnað og af hverjum. Stjórnendur fyrirtækis ráði oft miklu meiru um stefnu þess en eigendur, sem ekki eru jafnframt stjórnendur, og það séu stjórnendurnir, sem hafi úrslitaáhrifin á stefnu og ákvarðanatöku fyrirtækis, en ekki eigendurnir. Í þessu sambandi hefur m. a. verið vitnað til atvinnufyrirtækja í kommúnistaríkjunum, sem talin eru vera í eigu þjóðarinnar, en ekki stjórnendanna, og til svonefndra almenningshlutafélaga á vesturlöndum, sem talin eru vera í eigu jafnvel hundruð þúsunda einstaklinga. Algerum úrslitum um meðferð mála í slíkum fyrirtækjum ráða stjórnendur þeirra og geta ákvarðanir stjórnendanna í einstökum málum jafnt verið í ósamræmi við hagsmuni og vilja eigendanna sem launþega, sem hjá þeim starfa. Í ljósi þessa verði áhrif vinnunnar best tryggð í málefnum atvinnulífs með því að starfsmenn fyrirtækja tengist stjórn þeirra með einhverjum hætti fremur en með því að launþegar njóti arðgreiðslna eða öðlist eignarhald á fjármagni. Þeir, sem þessum hugmyndum fylgja, nefna þær gjarnan **atvinnulýðræði**, þótt merking þess orðs sé eigi síður á reiki en merking orðsins efnahagslýðræði og þessi orð bæði séu oft notuð til skiptis yfir annan hvorn þessara skyldu þátta eða báða.

Það, sem hér hefur verið nefnt atvinnulýðræði — þ. e. a. s. réttur launþega til íhlutunar um ákvarðanatökur á vegum fyrirtækja, sem þeir starfa hjá, með einhvers konar aðild að stjórn þeirra — hefur öðlast mun meiri viðurkenningu og fremur

náð fram að ganga en það, sem hér að framan var nefnt efnahagslýðræði. Trúnaðarmannakerfi á vinnustöðum er einn þáttur þessa svo og samstarfsnefndir, sem komið hefur verið á fót í einstökum fyrirtækjum hér á landi milli starfsfólks og stjórnenda til þess að fjalla sameiginlega um vinnustaðamál og mál þeim tengd. Trúnaðarmannakerfið er gamalt og gróið fyrirbæri, en samstarfsnefndirnar nýjung, sem aðeins nær til örfárra fyrirtækja á Íslandi, þótt slíkt fyrirkomulag sé gamalkunnugt í flestum nágrannalöndum okkar og hafi raunar fyrir löngu vikið fyrir öðrum markverðari nýmælum. Í þessum efnum stöndum við íslendingar sem sé langt að baki flestum eða öllum nágrannaþjóðum okkar. Jafnvel frumstæðustu réttindaveitingar til vinnandi fólks til þess að hafa áhrif á starfsumhverfi sitt og aðbúnað, svo ekki sé einu sinni talað um ráðstafanir til þess að veita launafólki rétt til að hafa áhrif á stefnumótun atvinnufyrirtækja, hafa aldrei farið fram svo nokkru nemi hérlendis, á sama tíma og einmitt þessi mál hafa nú um áratugaskeið verið hvað efst á baugi í félagslegri framsókn nágrannaþjóðanna og þær hafi þegar orðið sér úti um mikilvæga og góða reynslu á þeim sviðum. Skortir þó ekki á, að hugmyndir um slíkt hafi verið ræddar og reifaðar hér á landi og tillögur komið fram, en einhvern veginn hafa mál ávallt atvikast svo, að ekkert hefur orðið úr framkvæmdum. Sofandaháttur og sinnuleysi hafa ráðið ríkjum þótt svo hér sé um að ræða málefni, sem í raun réttri eru ekki viðkomandi frjálsum samningum aðila vinnumarkaðarins um kaup og kjör, heldur eru grundvallarmannréttindi, sem að sjálfsögðu eiga að vera löggjafaratriði. Enda mun reynsla nálægra þjóða vera sú sama og reynsla okkar íslendinga hefur orðið, að um tómt mál sé að tala að búast við því að mál þessi verði leyst í samningum um kaup og kjör milli launþega og atvinnuveitenda. Hér er um að ræða pólitískt mál, sem á að leysast á pólitískum vettvangi — á vettvangi löggjafarsamkomunnar — þótt að sjálfsögðu sé rétt og nauðsynlegt að hafa aðila vinnumarkaðarins til samráðs við þá lausn. En það verður, þegar allt kemur til alls, hlutverk löggjafarsamkomunnar — Alþingis — að leysa hnútinn — eða höggva á hann náist ekki samstaða um að veita launþegum þau grundvallarmannréttindi, að vinnuframlag þeirra sé a.m.k. metið til jafns við dautt fjármagnið hvað varðar ráð um mótun stefnu og ákvarðanatöku hjá atvinnufyrirtækjum, sem launþegar leggja orku hugar og handa í sölurnar fyrir.

Noregur:

Eins og fyrr segir standa flestar — ef ekki allar — nálægar þjóðir okkur langtum framar í þeim málum, sem hér eru gerð að umræðuefni. Þegar árið 1920 samþykkti þannig Stórþingið norska lög um verkamannanefndir í iðnfyrirtækjum og áttu þær nefndir að vera stjórnendum fyrirtækjanna til ráðuneytis um vinnustaðamál. Árið 1945 náðust samningar milli heildarsamtaka norska vinnumarkaðarins um framleiðslunefndir, sem komið yrði á fót við öll þau iðnfyrirtæki, sem hefðu 20 starfsmenn eða fleiri í þjónustu sinni. Ráðin áttu að fjalla um öll málefni starfsfólks nema launa- og kjaramál, og var helmingur ráðsfulltrúa valinn af stjórnendum fyrirtækisins, en hinn helmingur kjörinn af starfsfólki þeirra. Samkomulag þetta hefur nokkrum sinnum verið endurskoðað og verksvið ráðanna nánar ákveðið.

Þegar árið 1953 setti norski Alþýðuflokkurinn svo fram í kosningastefnuskrá sinni tillögur um meðákvörðunarrétt starfsfólks. Nokkrum árum áður hafði ríkisstjórn flokksins skipað nefnd til þess að semja tillögur um slíkt efni, sem felldar yrðu inn í lög um hlutafélög. Í framhaldi af því var unnið að gerð slíkra tillagna, og árið 1961 var skipuð sameiginleg nefnd norska Alþýðuflokksins og Alþýðusambandsins undir forsæti Thor Aspengren, forseta norska Alþýðusambandsins, til þess að ganga frá slíkum tillögum. Árið 1962 sendi nefndin frá sér uppkast, eða umræðugrundvöll, til umræðna í stofnunum flokksins og í verkalýðsfélögunum. Í þessum drögum segir m.a. svo:

„Vinna og fjármagn eru tveir nauðsynlegir framleiðsluþættir fyrir reksturinn og eru háðir hvor öðrum. Þess vegna er það eðlileg krafa, að þeir, sem leggja til vinnuaflið, öðlist möguleika til þess að ráða yfir þeirri framleiðslu og verðmætum, sem skapast vegna sameiginlegs átaks vinnu og fjármagns. Eitt af framtíðarverkefnunum hlýtur þess vegna að vera að veita öllum hagsmunahópum, sem beint eru tengdir rekstrinum, aukna lýðræðislega meðábyrgð og réttmætan meðákvörðunarrétt í atvinnulífinu ....“

Nefnd þessi lagði svo fram tillögur sínar árið 1965. Eru þær meginuppistaða breytinga, sem gerðar voru á lögum um hlutafélög það ár, þess efnis, að starfsfólki ríkisfyrirtækja var veitt aðild að stjórn þeirra og fulltrúaráði og sambærileg ákvæði voru lögleidd varðandi hlutafélög, sem ríkið átti að fullu eða að hluta.

Árið 1968 var svo sett á laggirnar ný nefnd til þess að huga að atriðum varðandi atvinnulýðræði. Nefndin lauk störfum árið 1971 og klofnaði í afstöðu sinni. Það sama ár lagði ríkisstjórn norska Alþýðuflokksins fram á Stórþinginu frv. um breytingu á hlutafélagalöggjöf, sem að mestu leyti var byggt á tillögum minni hluta nefndarinnar. Frumvarp þetta var lögfest og eru ákvæði þess nú í gildi í Noregi. Samkvæmt þessum breytingum, sem gerðar voru á hinum norsku lögum um hlutafélög, eru reglurnar þær, að í fyrirtækjum, sem hafa að jafnaði 50—200 starfsmenn í þjónustu sinni, öðlast starfsmenn rétt til þess að kjósa sem svarar ⅓ stjórnarmanna úr sínum hópi, en þó aldrei færri en tvo. Í hlutafélögum, sem hafa 200 starfsmenn eða fleiri, ber hins vegar að stofna sérstakt ráð, með 12 ráðsmönnum hið fæsta. Velur aðalfundur ⅔ ráðsmanna, en starfsmenn ⅓. Ráðið velur síðan stjórn hlutafélagsins og stjórnarformann. Geta fulltrúar starfsfólks þannig átt sæti bæði í ráðinu sjálfu og í stjórninni. Á það t. d. við um norska stórfyrirtækið ELKEM-SPIGERVERKET, sem íslendingar hyggjast nú hafa samstarf við um byggingu málmblendiverksmiðju á Grundartanga. Ráð það, sem hér er talað um, hefur mjög víðtækt valdsvið — fjallar m. a. um allar fjárfestingar á vegum hlutafélagsins. Hins vegar voru sambærilegar breytingar ekki gerðar á norskum lögum um samvinnufélög, en þess getið við umræðu og afgreiðslu laganna, að búist væri við, að samvinnufélög og samvinnusambönd tækju þetta fordæmi sér til eftirbreytni, en yrði ekki svo mundu sambærileg ákvæði verða lögleidd.

Svo mikið hefur verið ritað hér um sögulega þróun þessara mála í Noregi og þær reglur, sem þar gilda nú, vegna þess að við gerð þessa frv. hefur verið höfð hliðsjón af skipulagi þessara mála í Noregi, að svo miklu leyti sem það er talið geta samræmst íslenskum aðstæðum.

Danmörk:

Einnig í Danmörku eiga þessi mál sér langa sögu, eða allt frá árinu 1920, þegar danska Alþýðusambandið gerði tillögu um rekstrarráð í fyrirtækjum. Samstarfsnefndum var þar komið á fót með samningi aðila vinnumarkaðarins árið 1947 og hafa þeir samningar síðan verið endurskoðaðir. Samstarfsnefndirnar eru starfandi í iðnfyrirtækjum með meira en 50 starfsmenn og eru skipaðar jöfnum höndum fulltrúum starfsfólks og stjórnenda. Verksvið nefndanna er talsvert víðtækt og nær m. a. inn á svið fjármála og framtíðarstefnumótunar fyrirtækisins, til menningar- og fræðslumála og launamála að takmörkuðu leyti.

Árið 1973 voru auk þess samþykkt á danska þjóðþinginu ný hlutafélagalög, sem tóku gildi 1. janúar 1974. Samkvæmt lögum þessum fá starfsmenn hlutafélags, sem hefur fleiri en 50 manns í þjónustu sinni, að kjósa úr sínum hópi 2 fulltrúa í stjórn félagsins, er sitja þar með sömu réttindum og skyldum og aðrir stjórnarmenn. Kjörgengi hafa allir þeir starfsmenn fyrirtækisins, sem unnið hafa hjá því í 12 mánuði eða lengur, en kosningarrétt allir þeir, sem starfa við fyrirtækið þegar kosning fer fram.

Þá hefur verið lagt fram í danska þinginu frumvarp til laga um meðeignarrétt launþega, þar sem gert er ráð fyrir því, að stofnaður verði sjóður í umsjá launþega-

samtakanna sem atvinnurekendur greiddu ákveðinn hundraðshluta launa í (sbr. það, sem sagt var um efnahagslýðræði hér að framan). Frumvarp þetta hlaut ekki samþykki.

Fjölmörg önnur dæmi mætti rekja um á hvaða rekspöl mál þessi eru komin í ýmsum nálægum löndum svo og um þá reynslu, sem fengist hefur — og mætti þá einkum og sér í lagi nefna **Vestur-Þýskaland** og **Júgóslavíu** — en þetta verður látið nægja að sinni rúmsins vegna. Þó fer ekki hjá því, að menn sjái af þeim takmörkuðu upplýsingum, sem hér hafa verið gefnar, hversu óralangt við íslendingar höfum dregist aftur úr í þessum málum. E. t. v. er rangt að segja „dregist aftur úr", því öllu heldur mætti orða það svo, að við hefðum setið eftir á sama stað á meðan aðrir voru að ferðast fram á leið.

Árið 1975 gaf Stjórnunarfélag Íslands út merka bók um atvinnulýðræði: „ATVINNULÝÐRÆÐI — Tilraun til skilgreiningar" eftir Ingólf Hjartarson, en Ingólfur fékk árið 1972 styrk úr Minningarsjóði um Ármann Sveinsson til þess að skrifa ritgerð um efnið og var ritgerðin gefin út í bók af Stjórnunarfélagi Íslands eins og fyrr segir. Er áhugamönnum um þessi mál bent á bók þessa, þar sem finna má á einum stað miklar upplýsingar um þróun þessara mála og stöðu í nálægum löndum ásamt með yfirliti yfir rannsóknir, sem unnar hafa verið á þessum sviðum, svo og úttekt og skilgreiningum.

Ísland:

Jafnvel þótt enginn eða nærfellt enginn áþreifanlegur árangur hafi orðið í efnahags- eða atvinnulýðræðismálum hér á landi er ástæðan ekki sú, að málinu hafi enginn áhugi verið sýndur. Flestir, ef ekki allir stjórnmálaflokkarnir hafa ályktað um málið og lýst fylgi sínu við það í einni eða annarri mynd. Þá hafa margar ályktanir verið gerðar á þingum ASÍ, sérsambanda þess og annarra launþegasamtaka, þar sem fram hefur komið eindreginn stuðningur við atvinnulýðræðishugmyndirnar og ráðstefnur hafa verið haldnar um málið. Þá hefur ASÍ tekið baráttu fyrir atvinnulýðræði inn í nýsamþykkta stefnuskrá sína.

Þó nokkrum sinnum hafa þessi mál einnig komið til umfjöllunar á Alþingi, ýmist sem tillögur til þingsályktunar, sem frumvörp til laga eða sem fyrirspurnir til ráðherra. Oftast hefur þeim þar verið hreyft af þingmönnum Alþýðuflokksins.

Fyrst mun máli þessu hafa verið hreyft á Alþingi af **Ragnari Arnalds**, en á 85. löggjafarþinginu árið 1965 flutti hann **tillögu til þingsályktunar** um atvinnulýðræði, þar sem m. a. var ráð fyrir því gert, að Alþingi fæli 11 manna nefnd að undirbúa löggjöf um aukin áhrif verkamanna og annarra launþega á stjórn þeirra fyrirtækja, sem þeir starfa hjá. Átti slík löggjöf að vera fyrsti áfanginn í áætlun til næstu tveggja áratuga um aukið lýðræði í íslenskum atvinnuvegum.

Tillagan fékkst ekki afgreidd.

Sami þingmaður flutti aftur á þinginu 1968 **tillögu til þingsályktunar** um sama efni. Sú tillaga fékkst eigi heldur afgreidd.

Á 87. löggjafarþinginu árið 1967 flutti **Benedikt Gröndal** í neðri deild Alþingis **frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 35 frá 1. apríl 1948, um sementsverksmiðju.** Efni frv. var á þá lund, að til viðbótar við fimm stjórnarmenn verksmiðjunnar, sem Alþingi kýs, skuli fastráðið starfsfólk verksmiðjunnar kjósa úr sínum hópi tvo til setu í stjórninni. Áttu fulltrúar starfsmanna í stjórn sementsverksmiðjunnar skv. frv. að sitja þar með öllum sömu réttindum og aðrir stjórnarmenn og kjörtími þeirra að vera hinn sami og annarra. Gert var ráð fyrir því í frv., að ráðherra setti reglugerð um, hvernig kosningu á fulltrúum starfsmanna í stjórn verksmiðjunnar skyldi háttað.

Frumvarp þetta var rætt á þinginu og sent í nefnd, en átti þaðan ekki afturkvæmt.

Árið 1970 fluttu tveir þingmenn Alþýðuflokksins, þeir **Jón Þorsteinsson** og **Jón Árm. Héðinsson** í efri deild Alþingis **frumvarp til laga um hlutdeild starfsmanna í stjórn atvinnufyrirtækja.** Ákvæði frv. tóku til atvinnufyrirtækja, sem rekin væru

af hlutafélögum, samvinnufélögum, ríkinu eða sveitarfélögum, er hefðu að jafnaði 50 starfsmenn eða fleiri í þjónustu sinni, enda lytu fyrirtækin sérstakri stjórn eða stjórnarnefnd. Í 2. gr. frv. sagði, að starfsmenn slíkra atvinnufyrirtækja öðluðust rétt til þess að kjósa úr sínum hópi einn fulltrúa og annan til vara í stjórn fyrirtækisins til viðbótar við aðra stjórnarmenn. Kosningarrétt hefðu aðeins starfsmenn, sem væru á viku- eða mánaðarkaupi og væru í störfum hjá fyrirtækinu, þegar kosning færi fram. Gert var jafnframt ráð fyrir því, að félagsmálaráðuneytið setti með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmdina.

Frumvarpi þessu var **vísað til ríkisstjórnarinnar** að fengnum jákvæðum umsögnum frá stjórnum ASÍ og SÍS, en neikvæðri frá stjórn VÍ, þar eð **„nú fer fram athugun hjá aðilum vinnumarkaðarins á því, með hvaða hætti launþegar geti haft stjórnunarleg áhrif í fyrirtækjum"**. Þetta var, eins og áður sagði, árið 1970 — fyrir sjö árum.

Árið 1973 fluttu svo allir þáverandi þingmenn Alþýðuflokksins undir forustu **Benedikts Gröndals tillögu til þingsályktunar**, er hljóðaði svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd til þess að semja frumvarp til laga um atvinnulýðræði, þar sem launþegum verði tryggð áhrif á stjórn fyrirtækja og hlutdeild í arði af rekstri þeirra."

Tillögunni fylgdi ítarleg greinargerð, þar sem m. a. var sagt frá fyrirkomulagi slíkra mála í nálægum löndum.

Þingsályktunartillaga þingmanna Alþýðuflokksins var **samþykkt** á þessu þingi, 10. apríl 1973. 30. ágúst sama ár skipaði þáverandi félagsmálaráðherra, Björn Jónsson, nefnd þá, sem tillagan kvað á um. Í nefndinni áttu sæti: Hallgrímur Dalberg, formaður; Baldur Óskarsson, Jón Snorri Þorleifsson og Óskar Hallgrímsson, tilnefndir af ASÍ, Jón H. Bergs og Ólafur Jónsson, tilnefndir af VÍ, og Skúli Pálmason, tilnefndur af Vinnumálasambandi SÍS.

Hinn 10. desember árið 1974 spurðist 1. flm. þessa frv. fyrir um það á Alþingi, hvað liði störfum þessarar nefndar. Kom þá í ljós, að fram til þess tíma hafði nefndin aðeins haldið tvo bókaða fundi, auk óbókaðra viðræðufunda. Í október 1973 var svo ákveðið að gera ótímabundið hlé á störfum nefndarinnar, svo aðilar vinnumarkaðarins gætu ræðst nánar við um málið.

Nú er komið fram á árið 1977 og enn hefur ekkert heyrst frá nefndinni. Flm. telja það nánast borna von, að nefnd þessi muni ná samkomulagi eða skila af sér verkefnum, og þá ekki vegna þess, að nefndarmenn séu ekki starfanum vaxnir, heldur vegna hins, að málið mun fljótlega hafa snúist þannig að það væri rætt milli aðila vinnumarkaðarins í tengslum við kaup- og kjaramál og hugsanlega gerð kjarasamninga — e. t. v. jafnvel á þeim grundvelli, að slík framkvæmd væri metin til jafns við einhvers konar kjarabætur eða kauphækkanir.

Reynsla annarra þjóða er sú, að ekki sé unnt að leysa þau mál, sem hér um ræðir — þ. e. a. s. framfarir í atvinnulýðræðisátt — á slíkum grundvelli þar sem jafnframt er þingað um almennt kaup og kjör. Reynslan hérlendis virðist alveg koma heim og saman við það, því án efa hefur það staðið í vegi fyrir aðgerðum, að einmitt þannig hefur verið um málið fjallað til þessa. En hér er að sjálfsögðu ekki um að ræða kjaraatriði, sem ætti t. d. að meta til jafns við einhverja kauphækkun í almennum launasamningum, heldur réttlætismál, mannréttindamál, sem á heima í löggjöf. Því er ekki um annað að ræða, úr því sem komið er, en að Alþingi taki frumkvæðið og leysi þessi mál, en hafi að sjálfsögðu um það samráð við aðila vinnumarkaðarins sem eðlilegt má telja. Í þeim tilgangi er frv. þetta flutt.

Nokkrar ábendingar um efnisatriði.

Í skýringum við einstakar gr. frv. hér á eftir er nákvæmlega fjallað um einstök efnisatriði þess. Því verður látið nægja að fara hér aðeins nokkrum orðum um almenn atriði.

Eins og áður er fram komið er við gerð frv. mjög stuðst við gildandi laga-ákvæði um sama efni í Noregi — en þó ekki farið alveg eftir þeim. Til dæmis eru stærðarmörk fyrirtækis, hvar starfsmenn hafa rétt til að kjósa fulltrúa í stjórn, ákveðin nokkru lægri (40 starfsmenn að jafnaði) en á sér sað í Noregi (50 starfsmenn að jafnaði). Þá er ekki heldur gert ráð fyrir stofnun **fyrirtækjaráða,** eins og ákvæði eru um í norsku hlutafjárlögunum hvað varðar fyrirtæki, sem hafa 200 starfsmenn eða fleiri í sinni þjónustu, enda eru slík fyrirtæki næsta fá á Íslandi.

Þá eru ákvæðin um samstarfsnefndirnar (II. kafli frv.) einnig talsvert önnur en gilda um slíkar nefndir í norskum og dönskum lögum og samningum. M. a. er verksvið nefndanna skv. frv. nokkru þrengra. Er þetta m. a. gert í því skyni, að við íslendingar höfum enn ekki öðlast nema mjög svo takmarkaða reynslu af starfsemi slíkra nefnda. Þykir því rétt að menn verði sér úti um nokkra reynslu í því efni áður en lengra er haldið.

Þá gerir frv. einnig ráð fyrir því, að sambærileg ákvæði séu lögleidd um aðild starfsmanna að stjórn samvinnufyrirtækja og samvinnusambanda og lögleiða á varðandi hlutafélög. Eins og áður var sagt, var þetta ekki gert t. d. í Noregi, heldur ætlast til, að samvinnufélög tækju málið upp að eigin frumkvæði — ef ekki yrðu hins vegar sett sérstök lög um það.

Í þessu er ekki fólgin nein vantrú á vilja samvinnufélaga eða samvinnusambanda á Íslandi til þess að tileinka sér slík vinnubrögð án fyrirmæla í lögum. Raunar hefur Samband ísl. samvinnufélaga þegar riðið á vaðið með því að gefa fulltrúum starfsfólks kost á setu í stjórn, og er það vel. Flm. þykir hins vegar eigi að síður rétt að láta breytingar á lögum um samvinnufélög fylgja breytingu á lögum um hlutafélög, til þess m. a. að ekki sé hægt að segja, að aðrar reglur og önnur meðferð eigi að gilda um einn hóp stóratvinnurekenda í landinu en aðra. Auk þess er ekki víst, að þótt Samband ísl. samvinnufélaga hafi gengið á undan með góðu og lofsverðu fordæmi, þá muni önnur samvinnufélög strax fylgja í kjölfarið, um leið og hlutafélög, sameignarfélög, ríkisfyrirtæki og fyrirtæki sveitarfélaga eru skylduð til þess að veita starfsmönnum íhlutunarrétt um stjórnun með lögum.

Flutningsmenn frv. vilja benda á, að enda þótt frv. hljóti samþykki, er þar með ekki búið að tryggja endanlega og til fulls þann meðákvörðunarrétt starfsmanna um stjórnun fyrirtækja, sem að er stefnt. Með samþykkt frv. yrðu fyrstu skrefin hins vegar stigin á braut atvinnulýðræðis, og á fyrstu árum eftir gildistöku ákvæða þess fengist miklsverð reynsla, sem hægt yrði að byggja á hvað varðar frekari aðgerðir á sviði atvinnulýðræðis. Fyrir löngu er orðið tímabært að þessi skref verði stigin, og eins og reynslan hefur þegar sýnt, þá verður það ekki gert nema fyrir frumkvæði Alþingis, eins og gert er ráð fyrir með flutningi frv. þessa.

Skýringar við einstakar greinar frumvarpsins.

Við 1. gr.

Í þessari grein er kveðið á um til hvaða aðila frv. þessu, ef að lögum verður, er ætlað að taka. Það eru, eins og í greininni segir, fyrirtæki og stofnanir, sem rekin eru af hlutafélögum, samvinnufélögum, sameignarfélögum, einstaklingum, ríkinu eða sveitarfélögum og hafa að jafnaði 40 starfsmenn eða fleiri. Nákvæmari reglur um, hvað átt er við með 40 starfsmenn að jafnaði, eru ákveðnar í öðrum greinum frv., sbr. 7. gr. frv. (38. gr.) og 10. gr. frv. (34. gr.).

Við 2. gr.

Í grein þessari er kveðið á um almennan tilgang frv. Eins og þar segir, er megintilgangur frv. að veita starfsmönnum fyrirtækja og stofnana, sem hafa að jafnaði 40 starfsmenn eða fleiri í þjónustu sinni, íhlutunarrétt um ákvarðanatöku á vegum fyrirtækjanna eða stofnananna. Sá réttur getur skv. ákvæðum frumvarpsins verið með tvennum hætti. Annars vegar er um að ræða hlutafélög og sam-

vinnufélög — þ. e. a. s. fyrirtæki, sem hafa kjörnar stjórnir — ásamt tveimur ríkisfyrirtækjum, Áburðarverksmiðju ríkisins og Sementsverksmiðju. Frumvarpið gerir ráð fyrir því, að starfsmenn slíkra fyrirtækja fái að kjósa úr sínum hópi fulltrúa í stjórnir þeirra, er sitji í stjórnunum með öllum sömu réttindum og aðrir stjórnarmenn. Verða fulltrúar starfsfólks í stjórnunum skv. frv. sem næst ⅓ hluti stjórnarmanna, en þó aldrei færri en tveir. Hins vegar er svo um að ræða fyrirtæki og stofnanir, sem ekki lúta sérstökum kjörnum stjórnum, svo sem eins og fyrirtæki, sem rekin eru af sameignarfélögum, eða einkafyrirtæki, svo og önnur ríkisfyrirtæki og ríkisstofnanir er áður var á minnst og einnig fyrirtæki og stofnanir á vegum sveitarfélaga. Frv. gerir ráð fyrr því, að við slík fyrirtæki og stofnanir verði komið á fót fjögurra manna samstarfnefndum. Eigendur, stjórnarnefndir eða forstöðumenn tilnefna helming fulltrúa í samstarfsnefnd, en starfsmenn kjósa úr sínum hópi hinn helminginn. Um verkefni samstarfsnefnda er fjallað í 5. gr. frv.

Við 3. gr.

Þessi grein og 4. og 5. gr. frv. eru í sérstökum kafla í frv. og fjalla um samstarfsnefndir. Í 3. gr. er kveðið á um við hvaða fyrirtæki og stofnanir samstarfsnefndir skuli settar á fót. Samkvæmt ákvæðum greinarinnar eru það öll önnur fyrirtæki en þau, sem rekin eru af hlutafélögum eða samvinnufélögum — þ. e. a. s. samstarfsnefndum skal komið á fót við öll þau fyrirtæki og stofnanir, sem starfrækt eru af einstaklingum, sameignarfélögum, ríki og sveitarfélögum og hafa að jafnaði 40 starfsmenn eða fleiri í þjónustu sinni. Í því sambandi er miðað við starfsmenn, sem skila 20 vinnustundum eða fleirum á viku — eru í hálfu starfi eða meir — og meðalfjölda starfsmanna næstliðin þrjú ár.

Undanþegin ákvæðunum um samstarfsnefndir eru tvö ríkisfyrirtæki — Áburðarverksmiðja ríkisins og Sementsverksmiðjan. Ástæðan er sú, að fyrirtæki þessi hafa nokkra sérstöðu, og er lagt til í frv. (11. og 12. gr. þess), að starfsfólk þessara ríkisverksmiðja öðlist rétt til þess að kjósa fulltrúa í stjórnir þeirra.

Við 4. gr.

Í 4. gr. er fjallað um skipun samstarfsnefndar. Lagt er til, að samstarfsnefnd verði skipuð 4 mönnum ásamt jafnmörgum til vara. Tveir aðalmenn ásamt varamönnum þeirra verði kjörnir af starfsfólki úr þess hópi og setji félagsmálaráðherra reglugerð um, hvernig að þeim kosningum skuli staðið, þ. á m. um atriði eins og kosningarrétt, kjörgengi, framboðsfrest, gerð kjörgagna, fyrirkomulag kjörfunda o. fl. Nákvæm ákvæði um þessi efni eru í síðari greinum frv. hvað varðar kosningu á fulltrúum starfsmanna í stjórnir hlutafélaga og samvinnufélaga, og er gengið út frá því, að við samningu reglugerðar um kjör fulltrúa starfsfólks í samstarfsnefndir verði höfð hliðsjón af þeim ákvæðum.

Þá segir einnig í greininni, að hinir tveir aðalmennirnir í samstarfsnefndum ásamt varamönnum þeirra skuli tilnefndir af eigendum ef um sameignarfyrirtæki eða einkafyrirtæki er að ræða, en af stjórnunarnefnd ef um er að ræða fyrirtæki eða stofnun í eigu ríkis eða sveitarfélaga — af forstöðumanni ef engin stjórnunarnefnd er yfir fyrirtækinu eða stofnuninni.

Starfstímabil — þ. e. a. s. skipunartími fulltrúa eigenda eða stjórnenda í samstarfsnefnd og kjörtími fulltrúa starfsmanna í nefndinni — er ákveðið til eins árs í senn, og skal skipun samstarfsnefndar vera lokið eigi síðar en í lok febrúarmánaðar ár hvert.

Við 5. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um verkefni samstarfsnefndar. Greinin þarfnast ekki frekari skýringa, nema hvað rétt er að benda á, að samþykktir samstarfsnefndar eiga ekki að vera bindandi fyrir viðkomandi fyrirtæki eða stofnun, eigendur eða stjórnendur. E. t. v. væri ástæða til að hafa verksvið samstarfsnefndar nokkru

víðara en ákveðið er í greininni — t. d. þannig að láta leita umsagnar hennar um allar stöðutilfærslur innan fyrirtækisins/stofnunarinnar — en frá því ráði hefur þó verið horfið við samningu frv. af ýmsum ástæðum.

Við 6. gr.

6. og 7. gr. frv. tilheyra sérstökum kafla í frv. og lúta að breytingum, sem lagt er til að gerðar verði á lögum um hlutafélög í því skyni, að starfsmenn hlutafélaga, sem hafa 40 manns eða fleiri í þjónustu sinni, öðlist rétt til þess að kjósa úr sínum hópi fulltrúa í stjórn hlutafélagsins samkvæmt reglum, sem nánar eru ákveðnar.

6. gr. frv. er í tveimur stafliðum og gerir greinin aðeins ráð fyrir minniháttar breytingum, nánast aðeins orðalagsbreytingum, á ákvæðum tveggja greina í hlutafélagalögunum, í því skyni að kosningu á fulltrúum starfsmanna í stjórn hlutafélaga verði við komið. Í staflið a er þannig lagt til, að síðari málsliður 4. mgr. 30. gr. laganna, sem nú hljóðar þannig: „þá skal og kjósa stjórn, 3 menn eða fleiri ...“ orðist eins og segir í frv.: „Þá skal og kjósa 3 menn eða fleiri í stjórn ...“ Er lagt til, að þessi breyting verði gerð til þess að taka af öll tvímæli um, að einnig sé hægt að kjósa í stjórn hlutafélagsins annars staðar en á aðalfundi — þ. e. a. s. af starfsmönnum fyrirtækisins á sérstökum kjörfundi eins og nánari ákvæði eru um í 7. gr. Stafliður b í þessari grein er einnig umorðun gerð í sambærilegu skyni — á 1. mgr. 32. gr. laganna. Efnislega er breytingin, sem lögð er til, á þá lund, að 1. mgr. 30. gr. laganna, sem nú er einn málsliður, verði gerð að tveimur. Í fyrri málsliðnum verði fram tekið, sem einnig er í gildandi lögum, að engan megi kjósa í stjórn hlutafélags nema hann sé lögráður og fjár síns ráðandi, og á ákvæði þessa málsliðar við skv. frv. hvort heldur er um að ræða stjórnarmenn, sem kjörnir eru af eigendum á aðalfundi, eða stjórnarmenn kjörna af starfsmönnum á kjörfundi þeirra. Síðari málsliður 1. mgr. 32. gr. skv. frumvarpinu er einnig tekinn efnislega alveg óbreyttur úr gildandi lögum, en á skv. frv. aðeins að taka til þeirra stjórnarmanna, sem kjörnir eru af aðalfundi. Skv. þessari breytingu frv. er þannig ekki gert ráð fyrir því, að fulltrúar kjörnir af starfsmönnum í stjórn hlutafélagsins þurfi að uppfylla öll þau skilyrði, sem sett eru stjórnarmönnum kjörnum á aðalfundi — þ. e. a. s. þeir þurfa ekki að eiga hlut í félaginu og þurfa ekki að fullnægja lögmæltum skilyrðum til þess að reka í sínu nafni þá atvinnu, sem félagið rekur eða ætlar að reka o. s. frv.

reka í sínu nafni þá atvinnu, sem félagið rekur eða ætlar að reka o. s. frv.

Þessi aðgreining milli þeirra skilmála, sem annars vegar þeir verða að uppfylla, sem kjörnir eru í stjórn hlutafélags á aðalfundi, og hins vegar þeir, sem kjörnir eru af starfsmönnum sem fulltrúar þeirra í stjórn hlutafélagsins, er eðlileg og óhjákvæmileg og m. a. algerlega sambærileg við ákvæði norskra laga um sama efni.

Við 7. gr.

Í 7. gr. er lagt til að nýjum kafla verði bætt inn í lög um hlutafélög. Verði kafli þessi VI. kafli laganna og hljóti heitið: **„Um aðild starfsmanna að stjórn hlutafélaga“**. Í 7. gr. frv. er því fólgin sú meginbreyting, sem lögð er til að gerð verði á lögunum um hlutafélög í því skyni að tryggja starfsmönnum slíkra félaga rétt til hlutdeildar í ákvarðanatöku á vegum þeirra.

Í þessum nýja kafla, sem tillaga er gerð um að bætt verði inn í lögin um hlutafélög, nr. 77 frá 27. júní 1921, eru alls átta greinar er verða, ef frv. verður að lögum, 38. til og með 45. gr. hlutafélagalaganna. Hér á eftir verður fjallað um hverja þessa grein fyrir sig eins og þær eru tölusettar í frv.

38. gr. Í 1. mgr. þessarar gr. eru ákvæði um við hvað miða eigi þegar segir í 1. gr. frv. að ákvæði laganna skuli ná til fyrirtækja, sem hafa að jafnaði 40 starfsmenn eða fleiri í þjónustu sinni. Gengið er út frá meðalfjölda starfsmanna næstliðin 3 ár og aðeins þeir starfsmenn taldir með, sem skila hálfu starfi eða meir. Er

þetta í samræmi við ákvæði norskra laga um sama efni. Þá er einnig í 1. mgr. ákveðinn fjöldi þeirra stjórnarmanna, sem starfsmenn eignast rétt á að kjósa úr sínum hópi, og skulu þeir vera sem næst 1/3 hluti stjórnarmanna, en þó aldrei færri en tveir. Þar sem aðalfundur má eigi kjósa færri en 3 menn í stjórn hlutafélags, sbr. ákvæði síðari málsliðar 4. mgr. 30. gr. laganna um hlutafélög, getur stjórn hlutafélags, sem hefur að jafnaði 40 eða fleiri starfsmenn í sinni þjónustu, minnst verið skipuð 5 mönnum — þremur kjörnum á aðalfundi af eigendum og tveimur kjörnum af starfsmönnum úr sínum hópi, og er þá að sjálfsögðu gengið út frá því, að starfsmenn slíks hlutafélags notfæri sér þann rétt, sem frv. þetta mundi færa þeim yrði það gert að lögum. Ákvörðun um fjölda fulltrúa starfsmanna í stjórn hlutafélags — þ. e. a. s. ákvörðun um, hvort þeir eigi að vera fleiri en tveir vegna stærðar stjórnarinnar — tekur kjörnefnd, sbr. 3. mgr. 39. gr. Rísi ágreiningur um þá ákvörðun má skv. frv. skjóta ágreiningsefninu til félagsmálaráðherra til fullnaðarúrskurðar.

Í sambandi við 2. mgr. 38. gr. ber fyrst að vekja athygli á því, að frv. þetta gerir ekki ráð fyrir að skylda starfsmenn hlutafélags, sem uppfyllir skilmála laganna, til þess að kjósa úr sínum hópi fulltrúa í stjórn hlutafélagsins — heldur að starfsmennirnir öðlist slíkan rétt. Í 2. mgr. 38. gr. eru ákvæði um, hvernig með eigi að fara ef menn vilja notfæra sér þennan rétt. Samkvæmt þeim ákvæðum er það hægt með tvennum hætti. Annars vegar þeim, að meira en helmingur starfsmanna hlutafélags, sem uppfyllir skilmála frv. um starfsmannafjölda, sendi stjórn hlutafélagsins skrifleg tilmæli um að kosning verði látin fara fram á fulltrúum starfsmanna í stjórn hlutafélagsins samkvæmt þeim réttindum, sem starfsmennirnir öðlast ef frv. þetta verður að lögum. Ef slík tilmæli berast á tilskildum tíma, er stjórn hlutafélagsins skv. frv. skylt að verða við henni. Önnur aðferð, sem frv. gerir ráð fyrir, er svo sú, að verkalýðsfélög, sem eiga trúnaðarmenn á vinnustöð, sem hlutafélagið starfrækir, sendi stjórn hlutafélagsins skrifleg tilmæli um að kosning á fulltrúum starfsmanna í stjórn félagsins verði látin fara fram. Ýmsar ástæður liggja til grundvallar því, að báðir þessir möguleikar eru gefnir, en ekki t. d. látið við það eitt sitja, að meira en helmingur starfsmanna félagsins óski skriflega eftir að nota sér þann rétt, sem fólginn er í ákvæðum frv. Ein ástæðan er sú, að starfsemi hlutafélagsins getur verið þannig háttað, að erfitt sé að ná til tiltekins fjölda starfsmanna á tilskildum tíma — t. d. ef starfsmenn hlutafélagsins eru sjómenn. Önnur ástæða er sú, að eigendur eða stjórnendur hlutafélags kynnu að vera andvígir því, að starfsmenn notfærðu sér rétt sinn skv. frv., ef að lögum verður, og gætu af þeim sökum fylgt því ýmsir erfiðleikar fyrir þann eða þá, sem tækju frumkvæðið að söfnun undirskrifta meðal starfsmanna. Undir slíkum kringumstæðum og ýmsum öðrum er eðlilegt og nauðsynlegt að viðkomandi verkalýðsfélög geti haft frumkvæðið í sínum höndum. Þá eru í þessari mgr. 38. gr. einnig sett tímamörk um, hvenær tilmæli eins og hér um ræðir verða að hafa borist stjórn hlutafélags til þess að henni sé skylt að verða við þeim.

Í 3. mgr. 38. gr. er mælt fyrir um, að stjórn hlutafélags skuli án tafar tilkynna starfsmönnum félagsins og hlutaðeigandi verkalýðsfélögum um, að kosning á fulltrúum starfsmanna í stjórn hlutafélagsins verði látin fara fram, eftir að stjórninni hefur borist lögmæt ósk þar um.

39. gr. Í þessari grein er lagt til, að skipuð verði sérstök þriggja manna kjörnefnd til þess að stýra kosningu á fulltrúum starfsmanna í stjórn hlutafélags eftir að lögmæt ósk um það hefur borist. Í 1. mgr. eru ákvæði um fjölda kjörnefndarmanna svo og um, að stjórn hlutafélagsins skuli tilnefna einn kjörnefndarmann ásamt varamanni hans, en viðkomandi verkalýðsfélög hina tvo ásamt varamönnum. Í 2. mgr. eru ákvæði um, hvenær skipun kjörnefndar skuli vera lokið. Í 3. mgr. eru ákvæði um, hvert skuli vera hlutverk kjörnefndar, svo og um að rísi ágrein-

ingur vegna starfa nefndarinnar megi skjóta málinu til félagsmálaráðherra til fullnaðarúrskurðar. Í 4. mgr. segir, að hlutafélagið skuli bera allan kostnað af starfi kjörnefndarinnar svo og allan beinan kostnað við kosninguna sjálfa.

40. gr. Í þessari grein eru ákvæði um hvaða skilyrði starfsmenn þurfi að uppfylla til þess að öðlast annars vegar kosningarrétt og hins vegar kjörgengi vegna kosninga á fulltrúum starfsmanna í stjórn hlutafélags. Samkvæmt þeim ákvæðum hafa allir þeir starfsmenn kosningarrétt, sem unnið hafa hjá hlutafélaginu samfellt starf í hið minnsta þrjá mánuði áður en kosning fer fram. Engir aðrir skilmálar, svo sem varðandi lágmarksaldur eða lágmarksstarf, eru settir fyrir kosningarrétti. Til þess að öðlast kjörgengi verður starfsmaður hins vegar skv. ákvæðum þessarar greinar að uppfylla frekari skilyrði. Hann verður að hafa unnið samfellt starf hjá hlutafélaginu í minnst eitt ár áður en kosning fer fram og fullnægja auk þess ákvæðum fyrri málsliðar 1. mgr. 32. gr. laganna um hlutafélög eins og hann verður eftir þá breytingu, sem frv. gerir ráð fyrir (sbr. 6. gr. frv.) — þ. e. a. s. starfsmaðurinn verður að vera lögráður og fjár síns ráðandi.

Þessi ákvæði eru sniðin eftir sambærilegum ákvæðum um sama efni í norskum lögum.

41. gr. Í þessari gr. eru ákvæði um framboðsfrest, um lágmarksfjölda meðmælenda o. fl. þess háttar.

42. gr. Í þessari grein eru ákvæði um kjörfund og kjörstað. Skv. þessari grein er kjörnefnd t. d. heimilað að láta kosningu fara fram á fleiri dögum en einum, eða hluta úr dögum, en þó skuli kjörfundur eigi standa skemur en samtals í 10 klst. Er þetta gert m. a. til þess að auðvelda öllum starfsmönnum að taka þátt í kosningunni.

43. gr. Í þessari grein eru ákvæði um gerð kjörseðla og um kosninguna sjálfa, sem á samkv. ákvæðum greinarinnar að vera **óhlutbundin.** Rétt kjörnir sem fulltrúar starfsmanna í stjórn hlutafélags verða þannig þeir frambjóðendur, sem flest atkvæði hljóta, og varamenn þeir, sem ganga þeim næstir að atkvæðatölu.

44. gr. Í þessari grein er kveðið á um, að stjórnarmenn í hlutafélagi, sem kjörnir eru af starfsmönnum, taki sæti í stjórninni um leið og þeir stjórnarmenn, sem kjörnir eru af hluthöfum, og sitji stjórnarfundi með öllum sömu réttindum og þeir. Þá er ákvæði um, að kjörtímabil allra stjórnarmanna skuli vera hið sama. Í síðasta málslið greinarinnar er svo kveðið á um, að fulltrúar starfsmanna í stjórn hlutafélags skuli hafa þá skyldu umfram stjórnarmenn að efna til reglulegra funda með starfsfólki hlutafélagsins til þess að ræða málefni þess og hlýða á óskir og erindi starfsmannanna.

45. gr. Grein þessi mælir svo fyrir m. a., að hafi kosning á fulltrúum starfsmanna í stjórn hlutafélags farið fram, þá þurfi ekki að kjörtímabili þeirra loknu að endurtaka allan aðdraganda slíkra kosninga eins og þegar þær fóru fyrst fram — þ. e. a. s. með skriflegum tilmælum meiri hluta starfsmanna eða viðkomandi verkalýðsfélaga innan tilskilins tíma, sbr. ákvæði 38. gr. — heldur verði kosningar á fulltrúum starfsmanna í stjórn hlutafélagsins endurteknar sjálfkrafa reglulega einu sinni á ári, svo lengi sem hlutafélagið uppfyllir ákvæði 1. mgr. 38. gr. um fjölda starfsmanna. Í greininni eru einnig ákvæði um, hvenær heimilt er að láta slíka kosningu niður falla þótt starfsmönnum hlutafélags hafi eigi fækkað. Til þess að svo megi verða þarf meiri hluti starfsmanna hlutafélagsins að samþykkja það svo og viðkomandi verkalýðsfélög að mæla með því. Fari svo hverfa fulltrúar starfsmanna í stjórn hlutafélagsins að sjálfsögðu úr stjórn þess þegar kjörtíma þeirra er lokið. Komi síðar upp ósk um, að starfsmenn slíks hlutafélags fái á ný að kjósa fulltrúa í stjórn þess, verður framgangsmátinn sá hinn sami og þegar slík kosning var látin fara fram í fyrsta skipti, þ. e. a. s. eins og mælt er fyrir um í 38. gr.

Við 8. gr.

8., 9. og 10. gr. eru í sérstökum kafla í frv. og fjalla um breytingar, sem lagt er til að gerðar verði á lögum um samvinnufélög í því skyni, að starfsmenn samvinnufélaga og samvinnusambanda, sem hafa 40 manns eða fleiri í þjónustu sinni, öðlist rétt til þess að kjósa úr sínum hópi fulltrúa í stjórn samvinnufélagsins/samvinnusambandsins samkvæmt reglum, sem nánar eru ákveðnar.

Þar sem breytingar þessar eru efnislega samhljóða þeim, sem frv. gerir ráð fyrir að gerðar verði á lögum um hlutafélög og þegar hefur verið fjallað um, vísast í meginatriðum til þeirra skýringa, sem þegar hafa verið gefnar þar um.

Breytingarnar, sem lagt er til í 8. gr. frv. að gerðar verði á IV. kafla laganna um samvinnufélög, nr. 46/1937, eru sambærilegar við þær breytingar, sem 6. gr. frv. gerir ráð fyrir að gerðar verði á V. kafla laganna um hlutafélög — þ. e. a. s. hér er aðeins um að ræða orðalagsbreytingar, en ekki efnisbreytingar, til þess gerðar að unnt sé að kjósa í stjórn samvinnufélags annars staðar en á aðalfundi — þ. e. á kjörfundi starfsmanna. Einnig er orðalagi síðustu mgr. 20. gr. laganna breytt á þá lund, að **aðalfundur** megi engan kjósa í stjórn samvinnufélags nema hann sé félagsbundinn. Slík skilyrði eru ekki sett fyrir kjörgengi manns, sem boðinn er fram sem fulltrúi starfsmanna í stjórn samvinnufélags.

Við 9. gr.

9. gr. frv. er á sama hátt og 8. gr. þess fyrst og fremst orðalagsbreyting á 1. málslið 32. gr. gildandi laga og markmiðið hið sama — þ. e. a. s. að hægt sé að kjósa í stjórn samvinnusambands af öðrum en þeim. sem sækja aðalfund, og er þar að sjálfsögðu átt við starfsmenn samvinnusambanda.

Við 10. gr.

Í þessari grein er lagt til, að nýjum kafla verði bætt inn í lög um samvinnufélög frá 13. júní 1937. Verði kafli þessi VII. kafli laganna og hljóti heitið: „**Um aðild starfsmanna að stjórn samvinnufélaga og samvinnusambanda.**“ Í þessari grein er því fólgin sú meginbreyting, sem lagt er til að gerð verði á lögunum um samvinnufélög í því skyni að tryggja starfsmönnum samvinnufélaga og samvinnusambanda rétt til hlutdeildar í ákvarðanatöku á vegum þeirra.

Í þessum nýja kafla, sem tillaga er gerð um að bætt verði inn í lögin um samvinnufélög, eru alls átta greinar, sem verða, ef frv. verður að lögum, 34. til og með 41. gr. laganna um samvinnufélög. Þessar greinar eru efnislega alveg samhljóða beim greinum, sem í 7. gr. frv. er lagt til að komi í sérstökum kafla inn í lögin um hlutafélög frá 27. júní 1921 og þegar hefur verið fjallað um. Um skýringar við 10. gr. frv. er því vísað til skýringanna hér að framan við 7. gr. frv.

Við 11. gr.

11. gr. frv. er sérstakur kafli í frv. og fjallar um breytingu, sem lagt er til að gerð verði á lögum um Áburðarverksmiðju ríkisins, nr. 43 frá 16. apríl 1971. Áburðarverksmiðjan ásamt Sementsverksmiðjunni (sbr. 12. gr.) eru þau tvö ríkisfyrirtæki, sem lagt er til í frv. að starfsmenn öðlist rétt til að kjósa fulltrúa í stjórn hjá. Við öll önnur ríkisfyrirtæki og stofnanir svo og fyrirtæki sveitarfélaga og stofnana þeirra, sem hafa að jafnaði 50 starfsmenn eða fleiri, er lagt til að komið verði á fót samstarfsnefndum, sbr. 4. og 5. gr. frv.

Í 11. gr. er lagt til, að breytingar verði gerðar á 6. gr laganna um Áburðarverksmiðju ríkisins þess efnis, að starfsmenn verksmiðjunnar skuli kjósa, til viðbótar við stjórnarmenn kjörna af sameinuðu Alþingi, tvo úr sínum hópi til setu í stjórninni og verði stjórnarmenn verksmiðjunnar því níu í stað sjö áður. Kosning fulltrúa starfsmanna í stjórn verksmiðjunnar fari fram skv. reglugerð, sem landbúnaðar-

ráðherra setur, og er gert ráð fyrir því, að við samningu þeirrar reglugerðar verði stuðst við ákvæði frv. um hvernig hagað skuli kosningum á fulltrúum starfsfólks í stjórn hlutafélaga. 11. gr. frv. gerir ráð fyrir því, að þessari nýskipan verði komið á með breytingu á 1. málslið 1. mgr. 6. gr. gildandi laga. 2. málsliður 1. mgr. er hins vegar óbreyttur í frv. frá gildandi lögum og sömuleiðis 2. mgr. 6. gr. Í 11. gr. frv. er hins vegar gert ráð fyrir því, að 3. mgr. 6. gr. laga um Áburðarverksmiðju ríkisins verði breytt á þann veg, að til þess að skuldbinda Áburðarverksmiðjuna þurfi undirskrift fimm stjórnarmanna í stað fjögurra, eins og segir í gildandi lögum. Þessi breyting er afleiðing þess, að skv. frv. yrði stjórnarmönnum verksmiðjunnar fjölgað úr sjö í níu.

Við 12. gr.

12. gr. frv. er sérstakur kafli, VI. kafli, í frv. og lýtur að breytingu, sem lagt er til að gerð verði á lögum um sementsverksmiðju, nr. 35 frá 1. apríl 1948. Almennt um þá breytingu vísast til þess, sem áður hefur verið sagt í skýringu við 11. gr.

Í 12. gr. frv. er lagt til, að þær breytingar verði gerðar á 1. málslið 4. gr. laganna um sementsverksmiðju, að í viðbót við þá 5 stjórnarmenn sementsverksmiðjunnar, sem Alþingi kýs, skuli starfsfólk verksmiðjunnar kjósa tvo fulltrúa sína í stjórn hennar samkvæmt reglugerð, sem ráðherra setur. Þá er lögð til sú breyting við 2. málslið sömu greinar laganna, að í stað þess, sem þar segir, að atvinnumálaráðherra skipi formann verksmiðjustjórnar, komi það í hlut iðnaðarráðherra. 3. málsliður 4. gr. er óbreyttur í frv. frá gildandi lögum, en 4. málsliður sömu gr. breytist þannig, að í stað atvinnumálaráðherra setur iðnaðarráðherra stjórninni erindisbréf og ákveður henni laun.

Þá er lagt til í 12. gr. frv., að ný mgr. — 2. mgr. — bætist við 4. gr. laganna um sementsverksmiðju, þar sem segi, að til þess að skuldbinda verksmiðjuna þurfi undirskrift fjögurra stjórnarmanna. Er þessi breyting gerð til samræmis við 3. mgr. 6. gr. laga um Áburðarverksmiðju ríkisins og er engin meginefnisbreyting, heldur aðeins til samræmis.

Við 13. gr.

13. gr. frv. er um gildistöku, þar sem gert er ráð fyrir því, að ákvæði frv., ef að lögum verður, öðlist gildi 1. janúar árið 1978.